

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

237. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **5. júní 2014, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: S.G. Verkstæði, Borðeyri, ln:142244, breyta innra skipulagi vélaverkst. bæta við móttöku og skrifstofu.
2. Erindi: Gamli Staðarskáli, ln.144050, reyndarteikning.
3. Erindi: Strandgata 1, ln.144403, breyta pakkhúsi í veitingastað og mötuneyti, frekari breyting.
4. Erindi: Fyrirspurn sveitarstjórnar með bréfi dags. 30. apríl 2014 til Skipulags- og umhverfisráðs varðandi viðmið um hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar.
5. Erindi: Brekkulækur B ehf, ln. 217343, byggja hesthús og vélageymslu.
6. Erindi: Refsteinsstaðir II, ln.186722, byggja við sumarhústað, samþ. meðeiganda liggur fyrir.
7. Erindi: Litli-Ós Hhv dælustöð, ln.222381, byggja dæluhús úr timbri.

Tekið á dagskrá:

8. Erindi: Ásbjarnarnes lóð 1, ln.221272, frístundarhús.
9. Erindi: Fosshólsskáli, ln.177621, gangnamannaskáli, viðbygging.
10. Erindi: Tannstaðabakki lóð 3, "Bakkabær" einbýlishús úr steinsteypum einingum.
11. Erindi: Aðalskipulag 2014-2026, komið úr auglýsingu.

Afgreiðslur:

1. S.G. Verkstæði ehf, Borðeyri, ln.141144, Sveinn Karlsson, kt. 211157-4379, Lyngbrekku, 500 Stað, sækir með erindi dags. 12. maí 2014, um leyfi til að breyta innra skipulagi vélaverkst. bæta við móttöku og skrifstofu, skv. uppdráttum gerðum af Hauki Árnasyni byggingatæknifræðingi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
2. Gamli Staðarskáli, ln.144050, Sigurður Einarsson, f.h. N1 hf, kt. 540206-2010, Dalvegi 10-12, 201 Kópavogi, sækir með erindi dags. 29. maí 2014 um leyfi til að skila inn reyndarteikningu af Gamla Staðarskála, skv. uppdráttum gerðum af Sigurði Einarssyni byggingafræðingi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
3. Strandgata 1, Pakkhús, ln.144403, Reimar Marteinnsson f.h. Kaupfélags Vestur Húnavetninga, kt. 680169-1879, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 3. júní 2014 um breytingu á áður fram lögðum teikningum vegna breytinga á bili í suður enda pakkhúss á 2. hæð, sem áður var frystigeymsla í veitingahús og mötuneyti. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
4. Fyrirspurn sveitarstjórna með bréfi dags 30. apríl 2014 til Skipulags- og umhverfisráðs, viðmið um hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar. Á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 16. apríl sl. var eftirfarandi m.a. samþykkt. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt á Torfastöðum í Húnaþingi vestra, sbr. bréf Norðurlandsskóga dags. 24. febrúar sl., séu ekki framkvæmdaleyfisskyldar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra felur skipulags- og umhverfisráði að móta tillögu um viðmiðanir hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar og skuli þess vegna vera framkvæmdaleyfisskyldar. Í þessu samhengi er m.a. vísað til tölvupóstbréfs Sesselju Árnadóttur hjá KPMG dags. 16. apríl 2014.“ Skipulags- og umhverfisráð vill ekki setja sér viðmiðanir um hvað teljast vera meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar og bendir á að framkvæmdir við skógrækt eiga að vera tilkynningaskyldar í sveitarfélaginu t.d. vegna aðkomu slökkviliðs. Ráðið getur þá lagt mat á hvort framkvæmdin teljist vera framkvæmdaleyfisskyld skv. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Landgræðslu-

og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru settar fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum. Skipulagsáætlun Húnaþings vestra fyrir árin 2014-2026 gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Norðurlandsskógaverkefnið verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum.

5. Brekkulækur B ehf, ln.217343, Arinbjörn Jóhannesson, kt. 050350-7469, Brekkulæk, 531 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 28. maí 2014, um leyfi til að byggja hesthús og vélageymslu. Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu þar sem engin gögn bárust.

6. Refsteinsstaðir II, ln.186722, Jón Guðmundsson, kt. 151128-7699, Álíheimum 68, 104 Reykjavík. Sækir með erindi dags. 30. maí 2014, um leyfi til að byggja við sumarhúsið úr timbri með risþaki, samkv. uppdráttum gerðum af Ólafi Erlingssyni byggingaverkfr. hjá Verkís. Hjalagt með umsókn; samþykki meðeiganda vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

7. Litli-Ós Hhv dælustöð, ln.222381, Skúli Þórðarson f.h. Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 2. júní 2014, um leyfi til að byggja dæluhús vegna hitaveitufamkvæmda úr timbri með einhalla þaki, skv. meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Verkfræðistofunni Stoð ehf, Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

8. Ásbjarnarnes lóð 1, ln.221272, Bjarni Þór Einarsson f.h. Margrétar Eddu Jónsdóttur Fjellheim, kt. 101049-2139, Grustaket 16, 7320 Fannrem, Noregi. Sækir með erindi dags. 3. júní 2014, um leyfi til að byggja frístundarhús í þjóðlegum stíl úr timbri með risþaki og hlaðið með torfhleðslu og torfþaki, samkv. uppdráttum gerðum af Bjarna Þór Einarssyni byggingatæknifr. hjá Ráðbarði sf. Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

9. Fosshólsskáli, ln.177621, Skúli Þórðarson f.h. Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 5. júní 2014, um leyfi til að byggja við Fosshólsskála, gangnamannaskála úr timbri með risþaki, skv. meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Hauki Árnasyni byggingatæknifræðingi, Laufvangi 14, 220 Hafnarfirði. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

10. Tannstaðabakki lóð 3, ln.222017, "Bakkabær", Óskar Már Jónsson, kt. 091286-3199, Tannstaðabakka, 530 Hvammstanga. Sækir með erindi dags. 5. júní 2014, um leyfi til að byggja einbýlishús úr forsteyptum einingum með risþaki, samkv. uppdráttum gerðum af Einari Gíslasyni byggingatæknifr. Brekkutúni 3, 550 Sauðárkróki. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

11. Aðalskipulag 2014-2026 er komið úr auglýsingu. Athugasemdafrestur rann út 2. júní s.l. og bárust fjórar athugasemdir. Afgreiðslu frestað og boðað til aukafundar vegna afgreiðslu þeirra miðvikudaginn 11. júní kl. 17:30.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:15

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign.),
Unnsteinn Andrés�on (sign.),
Gísli Kjartansson (sign).

Erla Kristinsdóttir (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),
Vígíundur Gunnþórsson (sign.),
Pétur Arnarsson (sign),